

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 96/74/EB

frá 16. desember 1996

um textílleiti(*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFÁ,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Á tilskipun ráðsins 71/307/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um textílleiti ⁽⁴⁾ hafa verið gerðar margar og verulegar breytingar. Til glöggvunar og hagræðingar ber að steypa fyrirnefndri tilskipun og breytingum við hana saman.
- 2) Það myndi valda hindrunum í eðlilegri starfsemi innri markaðarins ef ákvæði aðildarríkjanna um heiti, samsetningu og merkingu textíllvara væru breytileg frá einu aðildarríki til annars.
- 3) Unnt er að ryðja hindrunum þessum úr vegi með því að setja samræmdar reglur um markaðssetningu textíllvara innan bandalagsins. Þess vegna er nauðsynlegt að samræma heiti á textíltrefjum og upplýsingar sem birtar eru á vörumiðum, merkingum og fylgiskjölum með textíllvörum á ýmsum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar. Víkka ber merkingu hugtaksins „textíltrefja“ þannig að það nái til lengja, flatra

eða holra, sem ekki sýnast breiðari en 5 mm og skornar eru af efnisþynnum, sem framleiddar eru með útpressun úr fjölliðum þeim sem skráðar eru undir 19. 38. tölulið og 41. tölulið í I. viðauka, og síðan strekktar á lengdina.

- 4) Einnig þyrfti að setja ákvæði um ákveðnar framleiðsluvörur sem ekki eru einvörðungu gerðar úr textílflefum en innihalda þau og mynda nauðsynlegan hluta vörunnar eða sem sérstök athygli er vakin á af hálfu framleiðanda, vinnsluaðila eða seljanda. Engin þörf er á að gera greinarmun í 30. tölulið í II. viðauka á pólýamíði eða næloni af ólíkum gerðum; því ber að samræma viðtekin frávik fyrir þessi efni.
- 5) Vikmörk hvað snertir „aðrar trefjar“, sem þegar hafa verið ákveðin fyrir hreinar framleiðsluvörur, verða einnig að gilda um blandaðar framleiðsluvörur.
- 6) Merkingar ættu að vera skyldubundnar til að ná fram markmiðum þeim sem liggja að baki ákvæðum landslaga á þessu sviði.
- 7) Þegar erfitt reynist af tæknilegum ástæðum að tilgreina samsetningu vöru við framleiðslu er heimilt að gefa upp allar trefjar, þá þekktar, á vörumiða séu þær tiltekinn hundraðshluti hinnar fullunnu framleiðsluvöru.
- 8) Ráðlegt er, til að komast hjá því að ákvæðum sé beitt á mismunandi hátt eins og raunin hefur orðið innan bandalagsins í þessu sambandi, að tilgreina nákvæmar aðferðir við vörumerkingu tiltekinna textíllvara sem samsettar eru úr tveimur eða fleiri þáttum og einnig efnisþætti textíllvara sem ekki er þörf á að taka tillit til við vörumerkingar og greiningu.
- 9) Þjóða ber textíllvörur, sem aðeins er skylt að merkja sameiginlega og seldar eru í metratali eða afskornum lengdum, til sölu þannig að neytandinn geti kynnt sér til hlítar upplýsingar á sameiginlegum umbúðum eða stranga. Það er aðildarríkjanna að ákveða ráðstafanir þær sem samþykkja ber í þessu skyni.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 32, 3. 2. 1997, bls. 38, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/98 frá 29. maí 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. C 96, 6. 4. 1994, bls. 1.

(2) Stjttíð. EB nr. C 195, 18. 7. 1994, bls. 9.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 15. febrúar 1995, (Stjttíð. EB nr. C 56, 6. 3. 1995, bls. 53), sameiginleg afstaða ráðsins frá 26. febrúar 1996 (Stjttíð. EB nr. C 196, 6. 7. 1996, bls. 1), ákvörðun Evrópuþingsins frá 18. júní 1996 (Stjttíð. EB nr. C 198, 8. 7. 1996, bls. 25) og ákvörðun ráðsins frá 7. október 1996.

(4) Stjttíð. EB nr. L 185, 16. 8. 1971, bls. 16. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 87/140/EBE (Stjttíð. EB nr. L 56, 26. 2. 1987, bls. 24).

- 10) Notkun tegundar eða heita, sem njóta sérstaks áhlits meðal notenda og neytenda, ætti að vera háð sérstökum skilyrðum.
- 11) Komið hefur í ljós nauðsyn þess að mæla fyrir um aðferðir við sýnatöku og greiningu textílefna til að útiloka hugsanleg andmæli gegn aðferðum þeim sem notaðar eru. Enda þótt nágildandi aðferðir innan aðildarríkjanna séu viðhafðar enn um sinn kemur það ekki í veg fyrir að samræmdum reglum sé beitt.
- 12) Í II. viðauka við þessa tilskipun, þar sem tilgreind eru viðtekin frávík sem gilda um þurran massa hveirrar trefjategundar við greiningu og ákvörðun trefjainnihalds, koma í 1., 2. og 3. tölulið fram tvenns konar viðtekin frávík við útreikning á samsetningu kembdra eða greiddra trefja sem innihalda ull og/eða dýrahár. Ekki er alltaf unnt að greina á tilraunastofum hvort framleiðsluvara sé kembd eða greidd og því getur ósamræmi komið fram í niðurstöðum sé ákvæði þessu beitt við prófanir á samræmi viðvíkjandi textílvörum innan bandalagsins. Því ber að heimila að beitt sé einu viðteknu frávíki á rannsóknastofum í vafamálum.
- 13) Ekki er ráðlegt að samræma, í sérstakri tilskipun um textílvörur, öll ákvæði sem gilda um slíkar vörur.
- 14) Ákvæði III. og IV. viðauka ættu einnig, með tilliti til séreinkenna þeirra atriða sem þar er getið, að gilda um aðrar framleiðsluvörur sem undanþegnar eru vörumerkingum, einkum og sér í lagi „einnota“ vörur eða vörur sem einungis er krafist sameiginlegra merkinga fyrir.
- 15) Ákvæði þau sem nauðsynleg eru til að ákvarða greiningaraðferðirnar og breyta þeim í samræmi við tækniframfarir eru framkvæmdarákvæði einvörðungu tæknilegs eðlis. Því er nauðsynlegt að beita málsmeðferð nefndarinnar, sem þegar er mælt fyrir um í 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB frá 16. desember 1996 um tiltekna aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum ⁽¹⁾, þegar um þessi framkvæmdarákvæði er að ræða og ákvæðin um aðlögun I. og II. viðauka við þessa tilskipun að tækniframförum.
- 16) Ákvæðin, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um tilskipanir um textílleiti og merkingar textílvöru.
- 17) Tilskipun þessi skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar frest til að lögleiða tilskipanirnar sem um getur í B-hluta V. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Einungis er heimilt að markaðssetja textílvörur innan bandalagsins meðan á vinnslu stendur eða áður en hún hefst og á öllum stigum dreifingar séu þær í samræmi við ákvæði tilskipunar þessarar.

2. gr.

1. Í tilskipun þessari merkir „textílvörur“ allar óunnar, hálfunnar eða fullunnar vörur, framleiddar að hluta, fullframleiddar, tilbúnar að hluta eða fullbúnar eða vörur sem að öllu leyti eru samsettar úr textíltrefjum án tillits til þeirrar aðferðar sem notuð er við blöndun eða samsetningu.

2. Í tilskipun þessari merkir „textíltrefja“:

- efniseiningu sem einkennist af sveigjanleika, fínleika og mikilli lengd samanborið við mesta þvermál sem gerir hana nothæfa í textílfamleiðslu,

- sveigjanlegar lengjur, flatar eða holar, þar sem sýnileg breidd er ekki meiri en 5 mm, þar með taldar lengjur skornar af breiðari lengjum eða lögum sem gerð eru úr efnum sem notuð eru við framleiðslu trefja þeirra sem skráðar eru undir töluliðum 19 - 41 í I. viðauka og eru nothæfar í textílfamleiðslu; sýnileg breidd er breidd hinnar flötu eða holu lengju samanbrotinnar, útflatrar, samanþjappaðrar eða undinnar eða meðalbreidd þar sem breiddin er ekki alls staðar sú sama.

3. Eftirfarandi vörur teljast til textílvöru og heyra undir ákvæði tilskipunar þessarar:

- vörur sem innihalda textíltrefjar sem eru minnst 80% af þyngd þeirra,

- húsgagnaáklæði, regnhlífir- og sólhlífarefni sem er að hluta textíltrefjar, minnst 80% af þyngd; þetta á einnig við um textílflefnishluta í marglaga gólfdukkum, í dýnum og í viðlegubúnaði og varmafóður í fótubúnaði, hönskum og vettlingum svo fremi slíkir hlutar eða fóður sé minnst 80% af heildarþyngd hlutarins,

- textílefni sem felld eru inn í aðrar framleiðsluvörur og mynda óaðskiljanlegan hluta þeirra, svo fremi samsetningar sé getið.

3. gr.

1. Heiti og lýsing trefja, sem um getur í 2. gr., eru skráð í I. viðauka.

2. Notkun heita í töflunni í I. viðauka er bundin við þær trefjar sem lýst er undir sama tölulið í töflunni.

3. Ekkert þessara heita má nota um aðrar trefjar, eitt sér, sem orðstofn eða sem lýsingarorð á neinu tungumáli.

(¹) Stjótd. EB nr. L 32, 3. 2. 1997, bls. 1.

4. Óheimilt er að nota orðið „silki“ til að gefa til kynna lögum eða sérstaka eiginleika textílfrefja sem óslitins þráðar.

4. gr.

1. Óheimilt er að lýsa textílvöru sem „100%“, „hreinni“ eða „al-“ eða nota aðrar áþekkar táknanir nema hún sé einvörðungu samsett úr trefjum sömu tegundar.

2. Heimilt er að textílvöru innihaldi aðrar trefjar allt að 2% af þyngd svo fremi tæknilegar orsakir liggi að baki og að þeim sé ekki aukið við kerfisbundið. Sé um kembdar textílvörur að ræða skal hækka vikmörkin í 5%.

5. gr.

1. Einungis er heimilt að lýsa ullarvöru með:

- „lana virgen“ eða „lana de esquilado“,
- „ren, ny uld“,
- „Schurwolle“,
- „παρθενο μαλλι“,
- „fleece wool“ eða „virgin wool“,
- „laine vierge“ eða „laine de tonte“,
- „lana vergine“ eða „lana di tosa“,
- „scheerwol“,
- „lã virgem“,
- „uusi villa“,
- „ren ull“,

ef hún er einvörðungu samsett úr trefjum sem ekki hafa áður verið notaðar í fullunna vöru, hafa ekki verið spunnar og/eða þæfðar nema vegna framleiðslu fyrrnefndrar ullarvöru og hafa ekki skemmst í meðhöndlun eða við notkun.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að nota orðin hér að framan til þess að lýsa ull í trefjablöndu þegar:

- a) öll ull í blöndunni stenst kröfur sem eru skilgreindar í 1. mgr.;
- b) ullin vegur ekki minna en 25% af heildarþyngd blöndunnar;
- c) ullinni er einvörðungu blandað saman við eina tegund trefja af annarri gerð þegar um grófkembda blöndu er að ræða.

Í tilviki því sem um getur í þessari málsgrein skal gefa upp hundraðshluta allra efna í samsetningunni.

3. Takmarka skal vikmörk þau sem koma fram af tæknilegum orsökum og tengjast framleiðslu við 0,3% trefjablöndun þegar um er að ræða framleiðsluvörur sem um getur í 1. og 2. mgr., þar með taldar kembdar ullarvörur.

6. gr.

1. Merkja skal textílvöru, sem samsett er úr tveimur eða fleiri tegundum trefja, þar sem ein tegundin er að minnsta kosti 85% af heildarþyngd:

- með heiti þeirrar trefjategundar ásamt hundraðshluta hennar miðað við þyngd, eða
- með heiti þeirrar trefjategundar og orðunum „minnst 85%“, eða
- með hundraðshlutum allra efna sem framleiðsluvaran er samsett úr.

2. Merkja skal textílvöru, sem samsett er úr tveimur trefjum eða fleiri, þar sem engin trefjategund nær 85% af heildarþyngd, með heiti og hundraðshluta a.m.k. tveggja helstu trefjanna miðað við þyngd ásamt heitum annarra trefjaefnisþátta á eftir í rétttri röð eftir þyngd með eða án upplýsinga um hundraðshluta miðað við þyngd. Samt sem áður,

- a) er heimilt að merkja trefjar, sem einar og sér eru minna en 10% af heildarþyngd framleiðsluvöru í einu lagi, með orðunum „aðrar trefjar“ og komi þar á eftir samanlagðir hundraðshlutar miðað við þyngd;
- b) skal gefa upp hundraðshluta allra efna sem framleiðsluvara er samsett úr sé heiti trefjategundar þeirrar sem ekki nær 10% af heildarþyngd vörunnar tilgreint.”

3. Heimilt er að gefa framleiðsluvörum með hreina baðmullaruppistöðu og hreinu hörívafi, þar sem hundraðshluti hörs er ekki undir 40% af heildarþyngd ósteinds vefnaðar, heitið „vefnaðarblanda úr baðmull og hör“ og skal þessi lýsing á samsetningu fylgja, „hrein baðmullaruppistaða - hreint hörívaf“.

4. Þegar um er að ræða textílvörur ætlaðar neytendum og með samsetningu í hundraðshlutum eins og fram kemur í 1., 2., 3. og 5. mgr. þessarar greinar:

- a) skal leyfa aðrar trefjar, sem eru allt að 2% af heildarþyngd textílvörunnar, sé það gert á tæknilegum forsendum og ekki gert að fastri venju; vikmörk þessi skulu aukin í 5% sé um kembdar framleiðsluvörur að ræða og sem vikmörk, er um getur í 3. mgr. 5. gr., gilda ekki um;
- b) skal heimila 3% framleiðsluvikmörk milli upp gefinna hundraðshluta trefja og hundraðshluta, sem fram koma við greiningu, miðað við heildarþyngd trefja sem fram kemur á vörumiða; sömu vikmörk gilda einnig um trefjar sem í samræmi við ákvæði 2. mgr. eru skráðar í röð eftir þyngd án þess að hundraðshluti þeirra komi fram. Vikmörk þessi gilda einnig um b-lið 2. mgr. 5. gr.

Við greiningu skal reikna fyrrnefnd vikmörk út hver fyrir sig; heildarþyngd sú sem taka skal mið af við útreikning vikmarka, sem um getur í b-lið, er heildarþyngd trefja fullunninnar vöru að frátalinni þyngd allra utanaðkomandi trefja sem fram koma þegar ákvæðum um vikmörk, sem um getur í a-lið, er beitt.

Einungis er heimilt að leggja saman tölurnar fyrir vikmörkin, sem um getur í a- og b-lið, ef einhverjar utanaðkomandi trefjar, sem fram koma við greiningu þegar vikmörkin sem um getur í a-lið eru notuð, reynast vera af sömu gerð og trefjar sem eru tilgreindar á vörumiða.

Þegar um er að ræða sérstakar vörur, þar sem við framleiðslu er krafist rýmri vikmarka en fram koma í a- og b-lið, eru hærrí vikmörk heimil aðeins í undantekningartilvikum þegar gengið hefur verið úr skugga um að framleiðsluvaram samræmist ákvæðum 1. mgr. 13. gr. og þegar gild rök koma fram af hálfu framleiðanda. Aðildarríkin tilkynni framkvæmdastjórninni þegar þar um.

5. Heimilt er að nota hugtakið „blandaðar trefjar“ eða hugtakið „ótiltekin textílsamsetning“ um allar framleiðsluvörur sem ekki er unnt að tilgreina samsetningu fyrir með auðveldum hætti við framleiðslu.

7. gr.

Með fyrirvara um vikmörk, sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr., 3. mgr. 5. gr. og 4. mgr. 6. gr., er ekki þörf á að nefna sýnilegar, aðgreinanlegar trefjar sem einungis eru til skrauts og ekki eru yfir 7% af þyngd fullunninnar vöru í trefjasamsetningum þeim sem kveðið er á um í 4. og 6. gr.; sama gildir um trefjar (t.d. málm-trefjar) sem felldar eru inn í til að koma í veg fyrir rafmögnun og ekki eru yfir 2% af þyngd fullunninnar vöru. Í framleiðsluvörum, sem um getur í 3. mgr. 6. gr., skal ekki reikna þessa hundraðshluta út miðað við þyngd vefnaðarins heldur þyngd uppistöðunnar og ívafsins sitt í hvoru lagi.

8. gr.

1. Setja skal vörumiða á eða merkja textílvörur í skilningi tilskipunar þessarar vegna framleiðslu eða í viðskiptaskyni í hvert sinn sem þær eru markaðssettar; heimilt er að í stað fyrrnefndra vörumiða eða merkinga eða þeim til viðbótar komi viðskiptafylgiskjöl þegar vörurnar eru ekki boðnar neytendum til sölu eða þær eru afgreiddar samkvæmt pöntun frá ríki eða öðrum lögpersónum sem heyra undir opinberan rétt eða í þeim aðildarríkjum, þar sem þetta hugtak er óþekkt, frá jafngildum aðila.

2. a) Tilgreina skal á skýran hátt í viðskiptaskjölunum heiti, lýsingu og upplýsingar varðandi textíltrefjainnihald sem um getur í 3. til 6. gr. og I. viðauka. Með kröfu þessari er sérstaklega girt fyrir notkun skammstafana í sölusamningum, á fylgireikningum og vörureikningum; samt sem áður er heimilt að nota vélrænt táknróf svo fremi að táknrófið sé útskýrt í sama skjali.

b) Þegar textílvörur eru boðnar til sölu eða seldar neytendum skal gefa heiti, lýsingu og upplýsingar varðandi trefjainnihald, sem um getur í 3. til 6. gr. og I. viðauka, til kynna með greinilegu og læsilegu prentletri sömu tegundar, einkum í verðlistum, auglýsingabæklingum, á umbúðum, vörumiðum og merkingum.

Einstökum atriðum og upplýsingum öðrum en þeim sem kveðið er á um í tilskipun þessari skal haldið algerlega aðskildum. Ákvæði þetta gildir ekki um vörumerki eða fyrirtækjaheiti sem heimilt er að fram komi strax á undan eða eftir einstökum atriðum sem kveðið er á um í tilskipun þessari.

Sé vörumerki eða fyrirtækjaheiti samt sem áður gefið til kynna, þegar textílvara er boðin til sölu eða seld neytendum eins og um getur í síðustu málsgrein, og í því kemur fram heiti skráð í I. viðauka eða heiti, sem hætt er við að ruglað verði saman við það, eitt sér eða sem lýsingarorð eða orðstofn, skal vörumerkið eða fyrirtækjaheitið koma strax á eftir eða undan heitum, lýsingum og einstökum upplýsingum um trefjainnihald, eins og um getur í 3. til 6. gr. og I. viðauka, með greinilegu og læsilegu prentletri.

c) Aðildarríkjunum er heimilt að krefjast þess, þegar textílvörur eru boðnar til sölu eða seldar neytendum á yfirráðasvæði þeirra, að vörumerkingar og merkingar, sem krafist er í grein þessari, séu einnig á þjóðtungum þeirra.

Þegar um er að ræða spólur, hesputré, hespur, hnykla eða annað sauma-, viðgerða- og útsaumsgarn í litlum einungum er aðildarríkjunum því aðeins heimilt að nýta valkost þann, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, ef um er að ræða sameiginlegar vörumerkingar á umbúðum eða sýnishornum. Heimilt er að hafa upplýsingar á hvaða tungumáli bandalagsins sem er, með fyrirvara um þau tilvik sem um getur í 18. tölulið IV. viðauka.

d) Aðildarríkjunum er óheimilt að leggja bann við notkun lýsinga og upplýsinga, annarra en um getur í 3., 4. og 5. gr., sem varða sérkenni framleiðsluvara, séu slíkar lýsingar eða upplýsingar í samræmi við góða viðskiptahætti í viðkomandi landi.

9. gr.

1. Allar textílvörur, samsettar úr tveimur eða fleiri efnisþáttum sem innihalda ólíkar trefjategundir, hafi áfestan vörumiða þar sem fram kemur trefjainnihald hvers efnisþáttar. Ekki er skylt að viðhafa slíka vörumerkingu um efnisþætti, sem eru undir 30% af heildarþyngd framleiðsluvörunnar, nema um sé að ræða sýnilegt fóður.

2. Innihaldi tvær eða fleiri textílvörur sömu trefjategund, sem mynda venjulega eina samstæðu, er aðeins þörf á einum áfestum vörumiða.

3. Með fyrirvara um ákvæði 12. gr.:

a) skal sýna trefjasamsetningu eftirfarandi lífstykkjavara með því að tilgreina samsetningu framleiðsluvörunnar í heild eða þeirra hluta, sem taldir eru upp hér að neðan, annaðhvort í einu lagi eða fyrir hvern um sig:

- brjóstahaldari: efni í ytri og innri hluta skála og bakhluta,
- lífstykki: framstykki, bakstykki og hliðarstykki,
- samfella: efni í ytri og innri hluta skála, framstykki, bakstykki og hliðarstykki.

Trefjasamsetningu lífstykkjavara, annarra en taldar eru upp í fyrstu undirgrein, skal gefa til kynna með því að tilgreina samsetningu framleiðsluvörunnar í heild eða samsetningu ólíkra hluta varanna, annaðhvort sameiginlega eða fyrir hvern um sig, en ekki er skylt að merkja vörunnar þannig þegar um ræðir hluta sem eru minna en 10% af heildarþyngd framleiðsluvörunnar.

Aðskildar vörumerkingar ólíkra hluta lífstykkjavara, sem um getur að ofan, skulu þannig úr garði gerðar að neytendur eigi auðvelt með að átta sig á til hvaða hluta vörunnar upplýsingarnar á vörumiðanum vísa;

- b) gefa skal upp trefjasamsetningu ættra textílvára fyrir vöruna í heild og er heimilt að tilgreina sérstaklega samsetningu grunnefnisins og samsetningu ættu hlutanna. Hluta þessa skal tilgreina með heiti sínu;
- c) gefa skal upp trefjasamsetningu útsaumaðra textílvára fyrir vöruna í heild og er heimilt að tilgreina sérstaklega samsetningu grunnefnisins og samsetningu útsaumsgarnsins; hluta þessa skal tilgreina með heiti sínu; séu útsaumudu hlutarnir minna en 10% af yfirborði vörunnar nægir að tilgreina samsetningu grunnefnisins;
- d) gefa skal upp trefjasamsetningu garns, sem samanstendur af kjarna og slíðri úr ólíkum trefjum og er boðið neytendum til sölu sem slíkt, fyrir vöruna í heild og er heimilt að tilgreina samsetningu kjarnans og samsetningu slíðursins sérstaklega; hluta þessa skal tilgreina með heiti sínu;
- e) gefa skal upp trefjasamsetningu textílvára úr flaueli og flosi eða textílvára sem líkjast flaueli eða flosi fyrir vöruna í heild og hafi varan sérstakt undirlag og slitlag úr ólíkum trefjum er heimilt að gefa upp trefjasamsetningu fyrir hvorn þessara hluta sérstaklega; hluta þessa skal tilgreina með heiti sínu;
- f) ef undirlag og slitlag gólfduka og gólfteppa er úr ólíkum trefjum er heimilt að gefa einungis upp samsetningu slitlagsins; þann hluta skal tilgreina með heiti sínu.

10. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 8. og 9. gr.:

- a) er aðildarríkjnum óheimilt að krefjast vörumerkinga eða merkinga, þar sem heiti eða samsetning kemur fram á einhverju því stigi sem um getur í 1. mgr. 2. gr., þegar um ræðir textílvörur skráðar í III. viðauka. Ákvæði 8. og 9. gr. gilda samt hafi slíkar framleiðsluvörur áfestan vörumiða eða merkingu þar sem fram kemur heiti eða samsetning eða vörumerki eða heiti fyrirtækis sem hefur að geyma annaðhvort heiti skráð í I. viðauka eða heiti sem hætt er við að ruglað verði saman við það, eitt sér eða sem lýsingarorð eða orðstofn;
- b) er heimilt að bjóða saman til sölu textílvörur, skráðar í IV. viðauka, af sömu gerð og samsetningu með sameiginlegum vörumiða þar sem fram koma upplýsingar um samsetningu sem kveðið er á um í tilskipun þessari;
- c) einungis er nauðsynlegt að gefa upp samsetningu textílvára, sem seldar eru í metratali, á lengju þeirri eða stranga sem boðinn er til sölu.
2. Aðildarríkin geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að framleiðsluvörur þær, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr., séu boðnar til sölu með þeim hætti að neytendur geti kynnt sér samsetningu þeirra til hlítar.

11. gr.

Aðildarríkin geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ekki sé unnt að rugla upplýsingum, sem veittar eru við markaðssetningu textílvára, saman við heiti og upplýsingar sem kveðið er á um í tilskipun þessari.

12. gr.

Að því er varðar beitingu 1. mgr. 8. gr. og annarra ákvæða tilskipunar þessarar um merkingar textílvára skal ákveða hundradshluta trefja, sem um getur í 4., 5. og 6. gr., án þess að mið sé tekið af eftirtöldum atriðum:

1. að því er varðar allar textílvörur:

hlutum sem eru ekki úr textíli, sérofnunum jöðrum, vörumiðum og merkisþjöldum, bryddingum og leggingum sem ekki eru óaðskiljanlegur hluti vörunnar, hnöppum og spennum þöktum textílefnunum, aukabúnaði, skrauti, óteygjanlegum borðum, teygjanlegum þráðum og böndum sem bætt er við vöruna á tilteknum og afmörkuðum stöðum og með fyrirvara um skilyrði tilgreind í 7. gr., sýnilegum, aðgreinanlegum trefjum til skrauts eingöngu og trefjum sem koma í veg fyrir rafmöggun;

2. a) að því er varðar gólfduka og gólfteppi: öllum öðrum hlutum en slitlagi;

b) að því er varðar húsgagnaáklæði: uppistöðu og ívafi til bindingar og fyllingar sem ekki eru hluti slitlags;

að því er varðar hengi og tjöld: uppistöðu og ívafi til bindingar og fyllingar sem eru ekki hluti af rétta borði efnisins;

c) að því er varðar aðrar textílvörur: grunnefnum, stífum og styrkingum, innra fódri og dúkundirlagi, saumagarni, svo fremi það komi ekki í stað uppistöðu og/eða ívafs efnisins, fyllingum sem ekki eru einangrandi og, með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. 9. gr., fódri.

Að því er ákvæði þetta varðar:

- ber ekki að líta á grunnefni í textílvörum, sem gegna hlutverki undirlags fyrir slitlag, einkum í ábreiðum og tvöföldum efnum, og fyrir flauel eða flosefni og ámóta framleiðsluvörur, sem undirlag sem fjarlægja á,
- merkja „stífur og styrkingar“ garn eða efni sem bætt er við á tilteknum og afmörkuðum stöðum á textílvörum til þess að styrkja þær eða gera stífar eða þykkar;

3. fituefnum, bindingum, þyngingum og steiningu, gegnsýringarefnum, aukalitar- og prentefnum og öðrum efnum til þess að meðhöndla textílvörur. Ef ekki eru til ákvæði er að þessu lúta innan bandalagsins skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þessi atriði séu ekki til staðar í þeim mæli að villi um fyrir neytendum.

13. gr.

1. Athuganir á því hvort samsetning textílværa sé í samræmi við það sem segir í tilskipun þessari skulu fara fram samkvæmt greiningaraðferðum þeim sem tilgreindar eru í tilskipunum sem um getur í 2. mgr.

Í þessu skyni skal ákvarða hundraðshluta trefja í 4., 5. og 6. gr. með því að nota viðeigandi samþykkt frávik, sem mælt er fyrir um í II. viðauka, fyrir þurran massa hversrar trefjategundar eftir að atriði þau sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 12. gr. hafa verið fjarlægð.

2. Aðferðir við sýnatöku og greiningu, sem beita á í aðildarríkjunum til þess að ákvarða trefjasamsetningu framleiðsluvara sem tilskipun þessi fjallar um, verða tilgreindar í sértilskipunum.

14. gr.

1. Aðildarríkjunum er hvorki heimilt að banna né hindra markaðssetningu textílværa sem uppfylla skilyrði tilskipunar

þessarar af ástæðum sem tengjast heitum eða upplýsingum um samsetningu þeirra.

2. Ákvæði tilskipunar þessarar koma ekki í veg fyrir að beitt sé gildandi ákvæðum í hverju aðildarríki um að vernda eignarétt á sviði iðnaðar og verslunar, að gefa upplýsingar um uppruna framleiðsluvörunnar eða hvar kaup eiga sér stað og að hindra óréttmæta samkeppni.

15. gr.

Ákvæði tilskipunar þessarar gilda ekki um textílvörur sem:

1. eru ætlaðar til útflutnings til landa utan bandalagsins;
2. eru fluttar með gegnumflutningi um aðildarríki undir eftirliti tollyfirvalda;
3. eru fluttar inn frá löndum utan bandalagsins til aðvinnslu;
4. samið er um afhendingu á til heimavinnandi fólks eða sjálfstæðra fyrirtækja sem vinna úr aðfengnum efnum án þess að eignaréttur sem í þeim felst sé yfirfærður gegn greiðslu.

16. gr.

1. Samþykkinga skal viðbætur við I. viðauka og viðbætur og breytingar við II. viðauka við tilskipun þessa, sem nauðsynlegar eru til þess að laga viðaukana að tækniframförum, í samræmi við málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 6. gr. tilskipunar 96/73/EB.

2. Einnig skal ákvarða hinar nýju aðferðir við magngreiningu blandna úr tveimur og þremur efnum, annarra en um getur í tilskipun 96/73/EB og tilskipun ráðsins 73/44/EBE frá 26. febrúar 1973 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um magngreiningu trefjablandna úr þremur efnum ⁽¹⁾, samkvæmt þeirri sömu málsmeðferð.

3. Heiti nefndarinnar sem um getur í 5. gr. tilskipunar 96/73/EB verði „Nefnd um tilskipanir um textílleiti og merkingar textílværa“.

17. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi nær til.

18. gr.

Tilskipanirnar, sem eru taldar upp í A-hluta V. viðauka, eru hér með felldar úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna

(¹) Stjtið. EB nr. L 83, 30. 3. 1973, bls. 1.

að því er varðar frest til að lögleiða tilskipanirnar sem um getur í B-hluta V. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samanburðartöflunni í VI. viðauka.

19. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 16. desember 1996.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

K. HÄNSCH

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

I. YATES

forseti.

I. VIÐAUKI

TAFLA YFIR TEXTILTREFJAR

Númer	Heiti	Lýsing trefja
1	ull(1)	trefjar úr reyfi sauðfjár (<i>Ovis aries</i>)
2	alpaka, lama, úlfaldi, kasmír, móhár, angóra, vikúnja, jakuxi, gúanakó, bifur, otur, með eða án heitisins „ull“ eða „hár“(1)	hár af eftirtöldum dýrum: alpaka, lamadýri, úlfalda, kasmírgeit, angórageit, angórakanínu, vikúnja, jakuxa, gúanakó, bifur, otri
3	dýrahár eða hrosshár með eða án upplýsinga um dýrategund (t.d. nautshár, algeng geitarull, hrosshár)	hár af ýmsum dýrum sem ekki eru talin upp undir 1 eða 2
4	silki	trefjar einungis fengnar frá skordýrum sem spinna silki
5	baðmull	trefjar úr fræbelgjum baðmullarplöntunnar (<i>Gossypium</i>)
6	kapok	trefjar úr innveggjum hýðisaldina kapoktrésins (<i>Ceiba pentandra</i>)
7	hör	basttrefjar úr stönglum línplöntunnar (<i>Linum usitatissimum</i>)
8	hampur	basttrefjar úr stönglum hamplöntunnar (<i>Cannabis sativa</i>)
9	júta	basttrefjar úr stönglum <i>Corchorus olitorius</i> og <i>Corchorus capsularis</i> . Að því er varðar tilskipun þessa skal fara með basttrefjar úr eftirfarandi tegundum á sama hátt og júta: <i>Hibiscus cannabinus</i> , <i>Hibiscus sabdariffa</i> , <i>Abutilon avicennae</i> , <i>Urena lobata</i> , <i>Urena sinuata</i>
10	abaka (manillahampur)	trefjar úr blaðslíðri plöntunnar <i>Musa textilis</i>
11	alfa	trefjar úr laufi plöntunnar <i>Stipa tenacissima</i>
12	kókostrefjar (kókoshneta)	trefjar úr ávexti kókospálmans <i>Cocos nucifera</i>
13	gífill	basttrefjar úr stönglum plöntunnar <i>Cytisus scoparius</i> og/eða <i>Spartium Junceum</i>
14	ramí	basttrefjar úr <i>Boehmeria nivea</i> og <i>Boehmeria tenacissima</i>
15	sísal	trefjar úr laufi <i>Agave sisalana</i>
16	trefjar súnnplöntu	basttrefjar úr <i>Crotalaria juncea</i>
17	sísalhampur	basttrefjar úr <i>Agave Fourcroydes</i>

Númer	Heiti	Lýsing trefja
18	trefjar eyðimerkurlilju	basttrefjar úr <i>Agave Cantala</i>
19	asetat	trefjar úr sellulósaasetati með minna en 92% en a.m.k. 74% hýdroxílhópa af ediksýru (acetylated)
20	algínat	trefjar úr málmstöltum úr algínsýru
21	kúpró (kúprammóníum reion)	endurmyndaðar beðmitrefjar fengnar með kúprammóníumaðferðinni
22	módal	trefjategund úr endurmynduðu beðmi með háan slitkraft og mikið þanþol í vatni. Slitkraftur (B_C) við skilyrtar prófaðstæður og kraftur (B_M), sem þarf til að lengja trefjategundina um 5% í vætu, eru: B_C (cN) $\geq 1,3 \sqrt{T} + 2 T$ B_M (cN) $\geq 0,5 \sqrt{T}$ þar sem T er meðalþéttleiki trefja í decitex
23	eggjahvítuefni (¹)	trefjar úr náttúrlegum hvítuefnum, endurmyndaðar og komið í jafnvægi fyrir tilverknað kemískra efna
24	tríasetat	trefjar úr sellulósaasetati með a.m.k. 92% hýdroxílhópa af ediksýru (acetylated)
25	viskósa	endurmyndaðar beðmitrefjar (trefjar úr hárfinum þræði og ósamfelldum) fengnar með viskósuaðferðinni
26	akríl (¹)	trefjar myndaðar úr línulaga stórsameindum sem ná a.m.k. yfir 85% af keðju þeirri sem akrílnítríl myndar (miðað við massa)
27	klórtrefjar	trefjar myndaðar úr línulaga stórsameindum þar sem vinyklóríð eða vinyldenklóríð einliða einingar myndar meira en 50% keðjunnar miðað við massa
28	flúortrefjar	trefjar myndaðar úr línulaga stórsameindum úr alifatískum einliða sameindum flúorkolefnis
29	móðakríl (²)	trefjar myndaðar úr línulaga stórsameindum þar sem akrílnítríl myndar meira en 50% og minna en 85% keðjunnar (miðað við massa)
30	pólýamíð eða nælon (²)	trefjar myndaðar úr línulaga stórsameindum sem hafa í keðjunni hinn virka amíðhóp sem kemur fram aftur og aftur
31	pólýester	trefjar myndaðar úr línulaga stórsameindum sem ná a.m.k. yfir 85% (miðað við massa) af keðju þeirri sem mynduð er af ester úr díól- og tereþalsýru
32	pólýetýlen (²)	trefjar myndaðar úr mettuðum línulaga stórsameindum úr alifatískum vetniskolefnum sem ekki er unnt að fjarlægja með skiptiefnavörfum

Númer	Heiti	Lýsing trefja
33	pólýprópýlen ⁽²⁾	trefjar myndaðar úr mettuðum línulaga stórsameindum úr alifatískum kolvatnsefnum þar sem önnur hver kolefnisfrumeind er tengd metýlkeðju samkvæmt ísótaktískri niðurröðun og án frekari skiptiefnahvarfa
34	pólýkarbamíð ⁽²⁾	trefjar myndaðar úr línulaga stórsameindum sem hafa í keðjunni hinn virka þvagefnishóp sem kemur fram aftur og aftur (NH-CO-NH)
35	pólýúretan ⁽²⁾	trefjar myndaðar úr línulaga stórsameindum sem myndaðar eru úr keðjum með hinum virka úretanhópi sem kemur fram aftur og aftur
36	vinýlal	trefjar myndaðar úr línulaga stórsameindum sem hafa keðju byggða upp af pólývinýlalkóhóli með breytilegu stigi asetaliseringar
37	trívínýl ⁽²⁾	trefjar myndaðar úr þremur mismunandi einliða vínýlsameindum, þ.e. akrílnítríl, klórborinni einliða vínýlsameind og þriðju einliða vínýlsameind þar sem engin þeirra nær svo miklu sem 50% af heildarmassa
38	elastódíen ⁽²⁾	teygjanlegar trefjar úr náttúrulegu eða syntetísku pólýísópreni eða úr einum eða fleiri díenum, fjölliðuðum með eða án einnar einliða vínýlsameindar eða fleiri og skreppa strax saman næstum í upphaflega lengd þegar þær eru teygðar þrisvar upphaflega lengd sína og sleppt aftur
39	elastan	teygjanlegar trefjar úr minnst 85% (miðað við massa) af niðurlutuðu pólýúretani og sem skreppa strax saman næstum í upphaflega lengd þegar þær eru teygðar í þrisvar sinnum upphaflega lengd sína og sleppt aftur
40	glertrefjar	trefjar úr gleri
41	heiti sem svarar til efnis þess sem trefjarnar eru myndaðar úr, t.d. málmí (málmkenndur, málmgerður), asbesti, pappír, með eða án viðbótarinnar „garn“ eða „trefjar“	trefjar úr ýmiss konar efnum eða nýjum efnum sem ekki eru skráðar að ofan

(1) Einnig er heimilt að nota heitið „ull“ í 1. tölul. viðauka þessa til að auðkenna trefjablöndu úr sauðfjárreyfi og hárum sem skráð eru í þriðja dálki 2. tölul. Ákvæði þetta gildir um textílvörur sem skráðar eru í 4. og 5. gr. og þær sem um getur í 6. gr. svo fremi sem þær síðarnefndu eru að hluta samansettar úr trefjum þeim sem skráðar eru í 1. og 2. tölul.

(2) Orðið „trefjar“ er undirskilið.

II. VIÐAUKI

VIÐTEKIN FRÁVIK SEM NOTASKAL VIÐ ÚTREIKNING Á MASSA TREFJA Í
TEXTÍLVÖRU

Trefjanr.	Trefjar	Hundraðshlutar
2-2	Ull og dýrahár: greiddar trefjar kembdar trefjar	18,25 17,00 ⁽¹⁾
3	Dýrahár: greiddar trefjar kembdar trefjar	18,25 17,00 ⁽¹⁾
	Hrosshár: greiddar trefjar kembdar trefjar	16,00 15,00
4	Silki	11,00
5	Baðmull: venjulegar trefjar styrktar trefjar	8,50 10,50
6	Kapok	10,90
7	Hör	12,00
8	Hampur	12,00
9	Júta	17,00
10	Abaka	14,00
11	Alfa	14,00
12	Kókostrefjar	13,00
13	Gífill	14,00
14	Ramí (bleikt trefja)	8,50
15	Sísal	14,00
16	Trefjar súnnplöntu	12,00
17	Sísalhampur	14,00
18	Trefjar eyðimerkurlilju	14,00
19	Asetat	19,00
20	Algínat	20,00

⁽¹⁾ Nota ber einnig hin viðteknu frávik 17,00% þar sem ómögulegt er að ganga úr skugga um hvort ak textílvara, sem inniheldur ull og/eða dýrahár, er greidd eða kembd.

Trefjanr.	Trefjar	Hundraðshlutar
21	Kúpró	13,00
22	Módal	13,00
23	Prótín	17,00
24	Tríasetat	7,00
25	Viskósa	13,00
26	Akríl	2,00
27	Klörtrefjar	2,00
28	Flúortrefjar	0,00
29	Módakríl	2,00
30	Pólýamíð eða nælon: ósamfelldar trefjar	6,25
	samfelldur þráður	5,75
31	Pólýester: ósamfelldar trefjar	1,50
	samfelldur þráður	1,50
32	Pólýtýlen	1,50
33	Pólýprópýlen	2,00
34	Pólýkarbamíð	2,00
35	Pólýúretan: ósamfelldar trefjar	3,50
	samfelldur þráður	3,00
36	Vínýlal	5,00
37	Trívínýl	3,00
38	Elastódíen	1,00
39	Elastan	1,50
40	Glertrefjar: að meðalþvermáli yfir 5 µm	2,00
	að meðalþvermáli 5 µm eða minna	3,00
41	Málmtrélfjar	2,00
	Málmgerðar trefjar	2,00
	Asbest	2,00
	Pappírsgarn	13,75

III. VIÐAUKI

FRAMLEIÐSLUVÖRUR SEM EKKI ER UNNT AÐ KREFJAST VÖRUMERKINGA EÐA MERKINGA FYRIR

(a-liður 1. mgr. 10. gr.)

1. Ermabönd
 2. Úrarmbönd úr textílefnum
 3. Vörumiðar og einkennismerki
 4. Stoppuð handföng úr textílefnum
 5. Kaffihettur
 6. Tehettur
 7. Ermahlífar
 8. Handskjól önnur en úr flosvefnaði
 9. Gerviblóm
 10. Nálapúðar
 11. Málað léreft
 12. Textílvörur fyrir grunnefni og stífur
 13. Flóki
 14. Gamlar uppgerðar textílvörur svo fremi þær séu merktar þannig
 15. Legghlífar
 16. Umbúðir, ekki nýjar og seldar sem slíkar
 17. Flókahattar
 18. Ílát sem eru mjúk og án undirstöðu, reið- eða aktygi úr textílefnum
 19. Ferðavörur úr textílefnum
 20. Handunninn útsaumur, fullgerður eða ófullgerður, og efni til framleiðslu hans, þar með talið útsaumsgarn, sem er selt sérstaklega án strigans og ætlað til notkunar í slíkum listvefnaði
 21. Rennilásar
 22. Hnappar og spennur kappmellaðar með textílefnum
 23. Bókarspjöld úr textílefnum
 24. Leikföng
 25. Textílhutar fótabúnaðar að undanskildu varmafóðri
 26. Borðmottur samsettar úr ýmsum efnum allt að 500 cm² stórar
 27. Ofnhanskar og pottaleppar
 28. Eggjahettur
 29. Snyrtivöruöskjur
 30. Tóbakspungar úr textílefni
 31. Gleraugnahulstur, vindlinga- og vindlahulstur, kveikjara- og greiðuhulstur úr textílefni
 32. Íþróttahlífar að hönskum undanskildum
 33. Snyrtitöskur
 34. Skóburstunaröskjur
 35. Varningur við útfarir
 36. Einnota vörur, að vatti undanskildu
- Að því er varðar tilskipun þessa ber að líta á textílvörur, sem ætlaðar eru til notkunar aðeins einu sinni eða í takmarkaðan tíma og þar sem eðlileg nýting slíkra vara útilokar alla endurnýjun til frekari notkunar í sama eða líkum tilgangi, sem einnota vörur
37. Textílvörur sem heyra undir reglur evrópsku lyfjaskrárinnar og sem tilvísun í þær reglur nær til, margnota sáraumbúðir til nota við lækningar og í bæklunarskurðlækningum og almennar textílvörur fyrir bæklaða

38. Textílvörur sem heyra undir 12. tölul. í IV. viðauka, þar á meðal kaðlar, taugar og reimar, venjulega ætlaðar til:
- a) notkunar sem fhlutar í búnað við framleiðslu og vinnslu vara
 - b) innsetningar í vélar, í uppsetningar (t.d. hitunarbúnað, loftkælingar eða lýsingar), heimilistæki og önnur tæki, ökutæki og önnur flutningatæki eða til notkunar við rekstur þeirra og viðhald eða til notkunar sem búnaður með þeim, að undanskildum ábreiðum úr segldúk og aukabúnaði úr textílefnum sem seldur er sér í vélknúin ökutæki
39. Textílvörur, ætlaðar til verndar og öryggis, svo sem öryggisbelti, fallhlífar, björgunarvesti, neyðarrennur, slökkvibúnaður, skotheld vesti og sérstakur hlífðarfatnaður (t.d. vörn gegn eldi, kemískum efnum eða annarri vá)
40. Loftuppblásin mannvirki (t.d. íþróttahallir, sýningastæði eða geymslur), svo fremi upplýsingar um afkastagetu og tæknilýsingar fylgi
41. Segl
42. Textílvörur fyrir dýr
43. Flögg og fánar

IV. VIÐAUKI

FRAMLEIÐSLUVÖRUR SEM EINUNGIS ER SKYLT AÐ NOTA SAMEIGINLEGAN VÖRUMÍÐA EÐA MERKI FYRIR

(b-liður 1. mgr. 10. gr.)

1. Gólfklútar
2. Hreingerningarklútar
3. Bryddingar og leggingar
4. Kögur, snúrur, fléttuð bönd
5. Belti
6. Axlabönd
7. Sokkabönd
8. Skóreimar
9. Borðar
10. Teygjur
11. Nýjar umbúðir, seldar sem slíkar
12. Bögglasnæri og baggabönd; reimar, kaðlar og taugar sem ekki falla undir 38. tölul. III. viðauka⁽¹⁾
13. Borðmottur
14. Vasaklútar
15. Hárnet
16. Hálstau og slaufur fyrir börn
17. Smekkir, þvottapokar og andlitsþurrkur
18. Garn til sauma, viðgerða og útsaums til smásölu í litlu magni, 1 gramm eða minna nettó
19. Bönd fyrir gluggatjöld og gluggahlífar

⁽¹⁾ Þegar um ræðir framleiðsluvörur sem falla undir lið þennan og seldar eru afskornar í lengjum skal sameiginleg vörumerking vera sú sama og á rúllunni. Telja skal kaðla og taugar til notkunar í fjallaklifri og siglingaþróttum til kaðla og tauga sem falla undir lið þennan.

V. VIÐAUKI**A-HLUTI****TILSKIPANIR FELLDAR ÚR GILDI**

(sem um getur í 18. gr.)

- Tilskipun ráðsins 71/307/EBE (Stjtið. EB nr. L 185, 16. 8. 1971, bls. 16) ásamt síðari breytingum:
 - Tilskipun ráðsins 75/36/EBE (Stjtið. EB nr. L 14, 20. 1. 1975, bls. 15)
 - Tilskipun ráðsins 83/623/EBE (Stjtið. EB nr. L 353, 15. 12. 1983, bls. 8)
 - Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/140/EBE (Stjtið. EB nr. L 56, 26. 2. 1987, bls. 24).

B-HLUTI**LÖGLEIÐINGARFRESTUR**

Tilskipun	Lögleiðingarfrestur	
	Heimild til að versla með þær vörur sem eru í samræmi við tilskipun þessa	Bann við verslun með þær vörur sem eru í samræmi við tilskipun þessa
71/307/EBE	29. janúar 1973	29. janúar 1975
75/36/EBE		
83/623/EBE	29. nóvember 1985	29. maí 1987
87/140/EBE	1. september 1988	

VI. VIÐAUKI

SAMANBURÐARTAFLA

Pessi tilskipun	Tilskipun 71/307/EBE	Pessi tilskipun	Tilskipun 71/307/EBE
1. gr.	1. gr.	II. viðauki, nr. 4	II. viðauki, nr. 4
2. gr.	2. gr.	II. viðauki, nr. 5	II. viðauki, nr. 5
3. gr.	3. gr.	II. viðauki, nr. 6	II. viðauki, nr. 6
4. gr.	4. gr.	II. viðauki, nr. 7	II. viðauki, nr. 7
5. gr.	5. gr.	II. viðauki, nr. 8	II. viðauki, nr. 8
6. gr.	6. gr.	II. viðauki, nr. 9	II. viðauki, nr. 9
7. gr.	7. gr.	II. viðauki, nr. 10	II. viðauki, nr. 10
8. gr.	8. gr.	II. viðauki, nr. 11	II. viðauki, nr. 11
9. gr.	9. gr.	II. viðauki, nr. 12	II. viðauki, nr. 12
10. gr.	10. gr.	II. viðauki, nr. 13	II. viðauki, nr. 13
11. gr.	11. gr.	II. viðauki, nr. 14	II. viðauki, nr. 15
12. gr.	12. gr.	II. viðauki, nr. 15	II. viðauki, nr. 16
13. gr.	13. gr.	II. viðauki, nr. 16	II. viðauki, nr. 16 a)
14. gr.	14. gr.	II. viðauki, nr. 17	II. viðauki, nr. 16 b)
15. gr.	15. gr.	II. viðauki, nr. 18	II. viðauki, nr. 16 c)
16. gr.	15. gr. a)	II. viðauki, nr. 19	II. viðauki, nr. 17
17. gr.	16. gr. 3)	II. viðauki, nr. 20	II. viðauki, nr. 18
18. gr.	-	II. viðauki, nr. 21	II. viðauki, nr. 19
19. gr.	17. gr.	II. viðauki, nr. 22	II. viðauki, nr. 20
I. viðauki, nr. 1	I. viðauki, nr. 1	II. viðauki, nr. 23	II. viðauki, nr. 21
I. viðauki, nr. 2	I. viðauki, nr. 2	II. viðauki, nr. 24	II. viðauki, nr. 22
I. viðauki, nr. 3	I. viðauki, nr. 3	II. viðauki, nr. 25	II. viðauki, nr. 23
I. viðauki, nr. 4	I. viðauki, nr. 4	II. viðauki, nr. 26	II. viðauki, nr. 24
I. viðauki, nr. 5	I. viðauki, nr. 5	II. viðauki, nr. 27	II. viðauki, nr. 25
I. viðauki, nr. 6	I. viðauki, nr. 6	II. viðauki, nr. 28	II. viðauki, nr. 26
I. viðauki, nr. 7	I. viðauki, nr. 7	II. viðauki, nr. 29	II. viðauki, nr. 27
I. viðauki, nr. 8	I. viðauki, nr. 8	II. viðauki, nr. 30	II. viðauki, nr. 28
I. viðauki, nr. 9	I. viðauki, nr. 9	II. viðauki, nr. 31	II. viðauki, nr. 29
I. viðauki, nr. 10	I. viðauki, nr. 10	II. viðauki, nr. 32	II. viðauki, nr. 30
I. viðauki, nr. 11	I. viðauki, nr. 11	II. viðauki, nr. 33	II. viðauki, nr. 31
I. viðauki, nr. 12	I. viðauki, nr. 12	II. viðauki, nr. 34	II. viðauki, nr. 32
I. viðauki, nr. 13	I. viðauki, nr. 13	II. viðauki, nr. 35	II. viðauki, nr. 33
I. viðauki, nr. 14	I. viðauki, nr. 15	II. viðauki, nr. 36	II. viðauki, nr. 34
I. viðauki, nr. 15	I. viðauki, nr. 16	II. viðauki, nr. 37	II. viðauki, nr. 35
I. viðauki, nr. 16	I. viðauki, nr. 16 a)	II. viðauki, nr. 38	II. viðauki, nr. 36
I. viðauki, nr. 17	I. viðauki, nr. 16 b)	II. viðauki, nr. 39	II. viðauki, nr. 37
I. viðauki, nr. 18	I. viðauki, nr. 16 c)	II. viðauki, nr. 40	II. viðauki, nr. 38
I. viðauki, nr. 19	I. viðauki, nr. 17	II. viðauki, nr. 41	II. viðauki, nr. 39
I. viðauki, nr. 20	I. viðauki, nr. 18	III. viðauki, nr. 1	III. viðauki, nr. 1
I. viðauki, nr. 21	I. viðauki, nr. 19	III. viðauki, nr. 2	III. viðauki, nr. 2
I. viðauki, nr. 22	I. viðauki, nr. 20	III. viðauki, nr. 3	III. viðauki, nr. 3
I. viðauki, nr. 23	I. viðauki, nr. 21	III. viðauki, nr. 4	III. viðauki, nr. 4
I. viðauki, nr. 24	I. viðauki, nr. 22	III. viðauki, nr. 5	III. viðauki, nr. 5
I. viðauki, nr. 25	I. viðauki, nr. 23	III. viðauki, nr. 6	III. viðauki, nr. 6
I. viðauki, nr. 26	I. viðauki, nr. 24	III. viðauki, nr. 7	III. viðauki, nr. 7
I. viðauki, nr. 27	I. viðauki, nr. 25	III. viðauki, nr. 8	III. viðauki, nr. 8
I. viðauki, nr. 28	I. viðauki, nr. 26	III. viðauki, nr. 9	III. viðauki, nr. 9
I. viðauki, nr. 29	I. viðauki, nr. 27	III. viðauki, nr. 10	III. viðauki, nr. 10
I. viðauki, nr. 30	I. viðauki, nr. 28	III. viðauki, nr. 11	III. viðauki, nr. 11

Þessi tilskipun	Tilskipun 71/307/EBE	Þessi tilskipun	Tilskipun 71/307/EBE
I. viðauki, nr. 31	I. viðauki, nr. 29	III. viðauki, nr. 12	III. viðauki, nr. 12
I. viðauki, nr. 32	I. viðauki, nr. 30	III. viðauki, nr. 13	III. viðauki, nr. 13
I. viðauki, nr. 33	I. viðauki, nr. 31	III. viðauki, nr. 14	III. viðauki, nr. 14
I. viðauki, nr. 34	I. viðauki, nr. 32	III. viðauki, nr. 15	III. viðauki, nr. 15
I. viðauki, nr. 35	I. viðauki, nr. 33	III. viðauki, nr. 16	III. viðauki, nr. 17
I. viðauki, nr. 36	I. viðauki, nr. 34	III. viðauki, nr. 17	III. viðauki, nr. 18
I. viðauki, nr. 37	I. viðauki, nr. 35	III. viðauki, nr. 18	III. viðauki, nr. 19
I. viðauki, nr. 38	I. viðauki, nr. 36	III. viðauki, nr. 19	III. viðauki, nr. 20
I. viðauki, nr. 39	I. viðauki, nr. 37	III. viðauki, nr. 20	III. viðauki, nr. 21
I. viðauki, nr. 40	I. viðauki, nr. 38	III. viðauki, nr. 21	III. viðauki, nr. 22
I. viðauki, nr. 41	I. viðauki, nr. 39	III. viðauki, nr. 22	III. viðauki, nr. 23
II. viðauki, nr. 1-2	II. viðauki, nr. 1-2	III. viðauki, nr. 23	III. viðauki, nr. 24
II. viðauki, nr. 3	II. viðauki, nr. 3	III. viðauki, nr. 24	III. viðauki, nr. 25
III. viðauki, nr. 25	III. viðauki, nr. 26	III. viðauki, nr. 36	III. viðauki, nr. 37
III. viðauki, nr. 26	III. viðauki, nr. 27	III. viðauki, nr. 37	III. viðauki, nr. 38
III. viðauki, nr. 27	III. viðauki, nr. 28	III. viðauki, nr. 38	III. viðauki, nr. 39
III. viðauki, nr. 28	III. viðauki, nr. 29	III. viðauki, nr. 39	III. viðauki, nr. 40
III. viðauki, nr. 29	III. viðauki, nr. 30	III. viðauki, nr. 40	III. viðauki, nr. 41
III. viðauki, nr. 30	III. viðauki, nr. 31	III. viðauki, nr. 41	III. viðauki, nr. 42
III. viðauki, nr. 31	III. viðauki, nr. 32	III. viðauki, nr. 42	III. viðauki, nr. 43
III. viðauki, nr. 32	III. viðauki, nr. 33	III. viðauki, nr. 43	III. viðauki, nr. 44
III. viðauki, nr. 33	III. viðauki, nr. 34	IV. viðauki	IV. viðauki
III. viðauki, nr. 34	III. viðauki, nr. 35	V. viðauki	-
III. viðauki, nr. 35	III. viðauki, nr. 36	VI. viðauki	-